

sem fyrir varð. En fáar sveitir voru það enn, þar sem til slíks gat komið. Vegum, sem hentaði vélknúnum ökutækjum, miðaði ákaflega hægt áfram. Þess vegna hafði líka búskaparlagið ekki tekið miklum breytingum í grundvallaratriðum. Bændurnir áttu óhægt um vik að koma afurðum sínum í kaupstaðina: „Á þessu eru miklar tálmanir hjá oss. Það vantar veganet, þar sem aðalslagæðarnar eru járnbrautir, en frá þeim greinist veganet sem háráðar um allar sveitir landsins“.

Þess vegna voru rjómaþú eða smjörgerð heima úrræði þeirra, sem treystu að meira eða minna leyti á kúabúskap, en sauðfjárþændur ráku sláturfénað sinn um langan veg í kaupstað á haustin. Nú hafði mjög örðuglega gengið um rekstur rjómaþúanna. Nokkrir þændur, sem næstir voru kaupstöðunum, sendu nýmjólk á bæjarmarkað, til viðbótar þeirri mjólk, sem fékkst þar heima fyrir. Mjólkurfélag Reykjavíkur hafði verið stofnað og Hans Grönfeldt var byrjaður að sjóða niður mjólk að Beigalda í Borgarhreppi í félagi við þrjá þændur.

Að verulegu leyti bjargaðist bæjarfólkið við enska og danska dósamjólk, að minnsta kosti að vetrinum. Ísfirðingar höfðu „hina alþekktu Hebe-mjólk“, Seyðfirðingar Libbysmjólk einstaka að gæðum, og svo var Kyrhausmjólk og margar tegundir aðrar, auðvitað hver annarri betri. En nýjung ársins 1920 á mjólkurmarkaðnum var ensk þurrmjólk, Glaxo. Þetta var „ný lausn mjólkurmálsins“. Innflytjendurnir voru ekki myrkir í máli: „Handa sjúkum og veikum er ekkert betra en Glaxo“, og auglýsingarnar báru viðeigandi yfirskrift: Læknisráð. Þá var það líka, að Þórbergur Þórðarson orti hinn ágæta Glaxósálm sinn að beiðni búðarpiltanna í verzlun Th. Thorsteinssonar, Magnúsar Kjarans og Egils Guttormssonar, er auðvitað vildu efla hag og gengi húsbænda sinna:

Það er svo oft í dauðans
skuggadölum,
að dregur myrkva fyrir
lífsins sól,
og ýlustráin veina á bleikum
bölum,
er börnin ráfa mjólkurlaus
á hól.



ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON
— orti Glaxósálminn fyrir
Magnús Kjaran.

Þá brýzt þú feit úr mannvits hæðum háu,
ó, helga lind, sem þaggar
sultar jag!
Þú glaxómjólk, sem gleður
börnin smáu
og gömlum veitir eilíft
líf í dag.
Þú ráfar sízt í dauðans
skuggadölum,
sem dreypir vel á nýrri
glaxómjólk,
því sorgarský þín verða
að silfurtölum
og sálarörbirtu snýst í
mör og tólk.

En menn reyndu eigi að síður að kynbæta kúastofninn sinn. Rjúpa í Hólakoti í Óslandshlíð og Skrauta á Skagaströnd fengu nöfnin sín á prent, af því að þær mjólk uðu meira en fjögur þúsund potta á ári, þó að hin síðarnefnda væri þvílíkt átvagl, að skylt var að geta þess líka. Sunnlenskir sauðfjárþændur keyptu hópum saman norðlenska kynbótahrúta, þingeykska hrúta og Gottorpshrúta, en Vestfirðingar bjuggu að sinu, þar sem Kleifakynið var. 1. marz 1919 seldi Þórður Flóventsson bærðælskan kynbótahrúta á bæjarhláðinu í Odda og fékk í staðinn fimm vetra föla og tvö hundruð og tuttugu krónur í peningum að auki. Og væri lítið út í kálgarðana í kringum bæina, þá var það aðdáunarvert, hve margir hreyktu fallega að kartöflugrös-

unum, þegar vel var komið upp. Þetta voru Helgubvammskartöflur og Hebron og Akureyrarkartöflur, sem reiknuðust þá einna bestar, því að Ragnar Ásgeirsson var ekki kominn með Eyvind sinn. Búnaðarfélag Íslands réði hann einmitt í þjónustu sína þetta ár. Rófurnar í nærsveitum Reykjavíkur voru yfirleitt sprotnar upp af fráfrá Einari Helgasoni í gróðrarstöðinni eða Guðnýju Ottesen. Austur undir Eyjafjöllum höfðu þændur sjálfir frærækt eins og þeir höfðu tíðkað um tugi ára, Sæmundur Einarsson í Stóru-Mörk og fleiri. Norður í Eyjafirði var Guðrún Björnsdóttir frá Veðramóti hjálparhella margra í þvílíkum efnun.

Og svo þegar haustaði, komu réttirnar. Landréttir voru reyndar ekki orðnar þjóðfrægar. Þar hafði verið dansað á grundunum í þrjátíu ár, en ekki nema við þá birtu, sem fylgir haustdögum í Rangárfingi. Þess var enn nokkuð að bíða, að framtakssamar veitingamaður ryddi Réttarhraunið, svo að bílar kæmust að réttarveggnum. Aftur á móti var blómskeið Skeiðrétta að hefjast með næturglæum í veitingatjaldi og danstjaldi og ótal tilbrigðum út um hraun og móa — flestum þeim, sem þangað komust, til hinnar mestu ununar, en öðrum til hneykslunar og ásteytingar. Þar skorti hvorki skjól né afdrep, ef haustnóttin var mild og góð, og vissulega eignum við örvandi áhrifum staðarins að þakka líf og starf og alla tilveru hins ágætasta fólks. Það ætti að reisa lífsþróttinum og seiðmagni réttagleðinnar minnismerki þar efra, þegar Skeiðaréttir eiga aldarafmæli eftir ellefu ár.

Þeir sem senda Sunnu dagsblaðinu efni til birtingar, eru vinsamlega beðnir að vanda til handrita eftir föngum og helzt að láta vélrita þau, ef kostur er. Ekki má þó vélrita þéttar en í aðra hverja línu.